



Stjórnarfundur FKA #11 - fundargerð

Starfsár 2022 – 2023

Staður: Borgartún 35 og Teams

Dagsetning: 13.04.2023

Tími: 12:00 – 13.30

Mættar: Dóra Eyland (DE), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Íris Ósk Ólafsdóttir (ÍÓÓ), Katrín Kristjana Hjartardóttir (KKH), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP) og Sigrún Jenný Barðadóttir (SJB) ásamt framkvæmdastjóra félagsins Andreu Róbertsdóttir (AR).

Forföll: Unnur Elva Arnardóttir (UEA)

12.00 – 12.10	1	Opnunarhringur – hvernig hefur þú það? 1 mín pr konu – Stafrófsröð Hefðbundið ástand hjá stjórnarkonum. Það er nóg að gera á öllum vígstöðum. Stjórnarkonur eru með tilhlökkun vegna undirbúnings aðalfundar, það er verkefni sem við hlökkum til að klára saman sem teymi í lok starfsárs. Fundargerðir febrúar og mars voru lagðar fram til samþykktar.
12.10 – 12.25	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – (AR) Jafnvægisvogaráð átti góða stund saman, þar sem farið var yfir ráðningarferli verkefnastjóra JV. Gert er ráð fyrir að ráðningarsamningur við nýjan verkefnastjóra sé eins og áður hefur verið. Umræða var um að félagið vilji greiða sanngjörn laun fyrir verkefnið miðað við umfang og álag. Auður Daníelsdóttir forstjóri Orkunnar situr í JV ráði og var haldinn fundur með Orkunni um hvert framlag Orkunnar ætti að vera til verknisins. Ennfremur var farið yfir fyrirbyggjandi samninga og hvernig þeir hafa verið frá stofnun Jafnvægisvogarráðs. Landsbyggðarráðstefna – FKA Norðurland fengu stuðning kr. 100.000 fyrir að halda ráðstefnu 2022. FKA Suðurnes munu halda ráðstefnuna næst komandi haust og hafði Fida Abu Libdeh samband til að vita hvort og hvernig stjórn hefði hugað að styrkjum til verkefnisins á þessu ári. AR bendir á að þetta sé eitt af hreyfiaflsverkefnum félagsins. AWE – umræða hefur verið á milli stjórnarkvenna hvort og hvernig afsláttarkjör að FKA eigi að vera. Umræða var um málið og voru stjórnarkonur ekki einhuga. AR bendir á að fyrirbyggjandi afsláttarkjör væri gott fyrir vænt fjármálaráð að rýna. Markaðsmál - Umtalsvert af viðburðum í félaginu fram að aðalfundi, frambjóðendur, golf o.fl. - Fastus mun styrkja aðalfund. Stjórn færir fyrirtækinu kærar þakkir fyrir stuðninginn. Fjárhagur - 1343 konur eru í félaginu, 200 ógreiddar ennþá. - Kjörgengi verður eingöngu hjá konum sem hafa gengið frá félagsgjaldi fyrir 3. maí. Rætt var um nefndir og nefndarstörf og farið yfir fjölda þeirra kvenna sem hafa gefið kost á sér fyrir komandi starfsár. Það vantar fleiri konur til þjónandi forystu og voru

		stjórnarkonur beðnar um að nýta tengslanet sitt til að hvetja félagskonur til starfa. AR mun hringja í þær konur sem áður hafa setið í nefndum og deildum. Viðburðir apríl/maí - AR hvetur stjórn til að fylgjast með dagatali og mæta þegar konur hafa tök á - Einn stjórnarfundur eftir fram að aðalfundi, 27. Apríl Stofnun FKA Austurlands - Mikil samskipti verið á milli AR og áhugasamra kvenna á Austurlandi um dágóða stund að stofnun deildar á Austurlandi en engar nýjar fréttir eru komnar um stofnun deildarinnar ennþá.
12.25 – 13:20	3	Verkefni stjórnar a. Alþjóðasamskipti SHP/SJB Umsókn í Norræna Jafnréttissjóðinn SJB/SHP eru búnar að vera í samskiptum við BPW (Business Professional Women) í Svíþjóð, í Noregi, á Finnlandi, á Íslandi og FKA í Danmörku til að teyma sig saman þvert yfir Norðurlöndin undir NWWB – Nordic Women Without Borders. Búið er að senda umsóknir inn í sjóðinn, sótt var um 10 milljónir ISK og er niðurstöðu að vænta eftir ca. 2 mánuði. Allar konur sem SHP og SJB hittu og leituðu uppi voru mjög ánægðar að heyra frá þeim, enda er einungis til menningar- og pólitískt samstarf á Norðurlöndunum, ekki í viðskiptum og ekki meðal kvenna í atvinnulífinu. Samstarf til háskólann í Bratislava, Slóvakíu SJB, umsókn um samstarf er í vinnslu, umsóknin verður send 15. apríl og má vænta svara innan ca. 2 mánuða. Háskólinn hafði samband við FKA að fyrra bragði vegna stöðu Íslands í jafnréttismálum. Stefnt er á að halda Raun&Raf ráðstefnu á komandi hausti í Slóvakíu sé styrkumsókn samþykkt. Raffundur til Kanada lok apríl – ekki komið fundarboð eða dagsetning ennþá en samstarfið við Kanada er undirbúningur fyrir afmælisár Vesturfara 2025. GSW í Dubai 4-6. Maí (Global Summit of Women) Jónína Bjartmarz selur FKA konum flug og skoðunarferð til Dubai, en félagskonur sjá sjálfar um ráðstefnugistingu og ráðstefnukostnað. Sem Global Member GSW 2023 fá FKA konur 5% afslátt af ráðstefnugjaldi. Búinn verður til kynningarbæklingur fyrir þær konur sem fara á ráðstefnuna, FKA á einnig pláss í bæklingnum. SJB ætlar að heyra í AR, Gyðu Björg Sigurðardóttur í Ráðum og stjórn með hvernig plássið verður nýtt. b. Jafnvægisvog FKA 2023 – GG/UEA/AR AR lagði fram tillögu frá JVR að FKA myndi styrkja Jafnvægisvog FKA um 1 milljón króna til að geta ráðið nýjan verkefnastjóra. Tillagan var einróma samþykkt. AR hefur mikla trú á verkefninu á komandi ári. SHP minnir á að stjórn þarf að skrifa erindisbréf varðandi hreyfiaflsverkefni og útbúa ramma fyrir þá aðila sem stýra verkefnunum. SHP leggur einnig til að JV verði fjárhagslega sjálfstætt verkefni, að atvinnulífið taki meiri þátt í kostnaði af verkefninu enda sé það atvinnulífinu sjálfu og samfélaginu til hagsbóta. Skoða beri verkefnið heildrænt og rýna til gagns. c. Aðalfundur – SHP/IOO/AR

		Kjörstjórn – IOO/KKH Kjörstjórn hitti Þórð í vikunni og fór yfir kosningakerfið. Það á eftir að berast tilboð og kennsla á kerfið sjálft. Framboð í nefndir og deildir – IOO/KKH Búið er að senda form á frambjóðendur sem kynnt er fyrir félagskonum, nýjar konur sem bjóða sig fram frá sendan póst. KKH sér um kynningar á samfélagsmiðlum, sendir AR upplýsingar og hún kemur í markpóst. Lagabreytingar – umræða var um hvernig liðurinn skal framkvæmast, kjósa þarf um hverja lagagrein, hvað skal gefa langa tíma til að kjósa hverja lagagrein. IOO leggur til að ferlið frá síðasta aðalfundi sé kortlagt því það liggur fyrir að félagskonur hafa haft næg tækifæri á að mæta, taka þátt og hafa áhrif hverju sinni. Rafræn framkvæmd kosninga IOO/KKH Rafræn kosning fer fram dagana 8. – 10. maí – spurning hvort það þurfi einhvern tank, þjónustuver þessa daga til að svara konum. AR til í að hafa IOO og Þórð innan handar ef eitthvað kemur upp. Ársreikningur KKH//UEA/AR Tilbúinn, undirritaður og klár fyrir aðalfund. Lagabreytingar – yfirferð á lögum félagsins – SHP/UEA/AR Beðið er eftir álit/svörum frá lögsögukonum sem eru að yfirfara þær breytingatillögur sem hafa komið fram. Verkefni nýrrar stjórnar og lögsögukvenna sem kosnar verða er að skoða hvernig ferli lagabreytinga skuli vera, ef félagskonur vilja koma með tillögu, fyrir hvaða dagsetningu o.s.frv. AR ætlar að senda einn póst til viðbótar til kvenna vegna framboða í nefndir og ráð, þegar er búið að senda fimm pósta á allar félagskonur og búið er að senda á þær konur sem þegar sitja í nefndum/ráðum. Kjörstjórn ákveður hvernig framkvæmd kosninga í nefndir og ráð verður háttað. Framkvæmd aðalfundar – SHP/GG/SJB/DE/AR Fundarstjóri sem fundinn var forfallast og voru nefnd nöfn sem gætu hentað. SHP klárar að finna fundarstjóra. Ritari verður Anna Þórdís Rafnsdóttir frá Kviku banka. Verkaskipting stjórnar er eftirfarandi: SHP, GG, SJB og DE passa upp á utanumhald aðalfundar, stjórnarkonur í kjörstjórn KKH & IOO sinna eingöngu þeim verkefnum. IOO – aðalfundur verður raun og raf, félagskona þarf að skrá þig á fundinn þegar þú mætir, stjórnarkonur verða til aðstoðar. KKH lagði fram tillögu um að hækka félagsgjald í kr. 28.500 fyrir árið 2024. Tillagan var samþykkt. Farið var yfir dagskrá aðalfundar og hver liður tímasettur.
--	--	--

13.20 - 13.30	6	Önnur mál - Nýsköpunarvika – 25. maí, undirbúningur í góðum farvegi og á réttum tíma - Heimsmarkmið FKA – AR bíður eftir skýrslu frá Helgu Steinþórsdóttur. Núverandi eða komandi stjórn verður upplýst um leið og skýrslan berst. - Golfmót og golfferð – 26. maí, auglýsingar og skráning í gangi - Landsbyggðarráðstefna, stjórn samþykkti að styrkja hreyfiaflsverkefnið um kr. 500.000. Rætt var um að aðrar landsbyggðardeildir geti sótt ferðastyrk til að sækja stærstu viðburði félagsins. Ákvörðun sett í hendur komandi stjórnar. - AWE Nýsköpunarhraðall – Sigríður Hrund lagði fram tillögu um að konur sem tækju þátt í AWE fengju hlutaafslátt í 1 ár við inngöngu í FKA. Tillagan var felld. - Erindisbréf – Sigríður Hrund benti á að skipun erindisbréfa samkvæmt lögum FKA væri verkefni komandi stjórnar að móta. Fundi slitið 13:30
---------------	---	--